

## BEIÐNI UM FLUTNING IÐGJALDS VEGNA TILGREINDRAR SÉREIGNAR TIL ANNARS VÖRSLUAÐILA LÍFEYRISSPARNAÐAR

VIÐAUKI VIÐ TLKYNNINGU TIL LÍFEYRISSJÓÐS VERZLUNARMANNA  
VARÐANDI RÁÐSTÖFUN Á HLUTA AF LÁGMARKSIÐGJALDI SAMKVÆMT  
KJARASAMNINGI Í TILGREINDA SÉREIGN.

Nafn sjóðfélaga:	Kennitala sjóðfélaga:
Sími:	Netfang:

### 1.0 TILGREINING ANNARS VÖRSLUAÐILA

- Með tilkynningu til Lífeyrissjóðs verzlunarmanna óskaði ég eftir því að hluti af iðgjaldi sem greitt er vegna mín til lífeyrissjóðsins verði ráðstafað í tilgreinda séreign.
- Með viðauka þessum óska ég eftir því að iðgjald vegna tilgreindrar séreignar eins og það var ákvarðað í ofangreindri tilkynningu, og eftir atvikum með síðari breytingum, verði eftirleiðis flutt til:

Heiti vörsluaðila:	Kennitala vörsluaðila:
--------------------	------------------------

### 2.0 ÁBENDING

Mér er kunnugt um að flutningur iðgjalds til vörsluaðila er háður því að tilkynning samkvæmt gr. 1.1 hér að ofan sé til staðar. Flutningur fer fram eins fljótt og kostur er eftir að iðgjald berst lífeyrissjóðnum. Tafir geta orðið á flutningi iðgjalds m.a. vegna þátta sem varða samræmda og örugga framkvæmd á flutningi iðgjalds. Markmiðið er að flytja iðgjöld eins fljótt og kostur er með hagkvæmum, skilvirkum og öruggum hætti.

### 3.0 STAÐFESTING

- Ég staðfesti að ég hef gert samning við viðurkenndan vörsluaðila lífeyrissparnaðar um móttöku á iðgjaldshluta sem viðauki þessi lýtur að.
- Mér er kunnugt um að tilkynning þessi tekur ekki gildi fyrr en lífeyrissjóðurinn hefur fengið staðfestingu á að ég hafi gert samning við framangreindan vörsluaðila. Staðfesting getur verið: i) með undirritun vörsluaðila hér að neðan, ii) með tölvupósti frá vörsluaðila á pósthafang sjóðsins, iii) með því að lífeyrissjóðurinn fái afrit af samningi við vörsluaðilann, iv) eða með öðrum sambærilegum hætti sem lífeyrissjóðurinn metur gildan.

---

Dagsetning

---

Sjóðfélagi

Staðfesting, f.h. ofangreinds vörsluaðila, á að framangreindur viðskiptavinur sé með samning um að vörsluaðilinn móttaki iðgjöld vegna tilgreindrar séreignar.

---

Dagsetning

---

Staðfesting ofangreinds vörsluaðila